

LAUGARDALUR - ÆVINTÝRABORG DEILISKIPULAGSBREYTING



Gildandi deiliskipulag 1:1000


samþykkt í borgarráði: 15.12.2011



Breytt deiliskipulag 1:1000



Breytt deiliskipulag - Skýringarmynd 1:1000 - Möguleg útfærsla



HLUTI ADALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2040
STADSETNING SKIPULAGSSVÆÐIS

SKÝRINGAR

- MÖRK LAUGARDALS
- MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR
- NÝ LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGING
- AKANDI UMFERÐ
- GANGSTÍGAR, leiðbeinandi lega ADALSTÍGAR
- OPIÐ SVÆÐI

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEDFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT
 Í _____ ÞANN _____ 2023 OG
 Í _____ ÞANN _____ 2023.

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ _____ 2023 MED
 ATHUGASEMDAFRESTI TIL _____ 2023.

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B - DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____ 2023.

Laugardalur - deiliskipulagsbreyting vegna Ævintýraborgar við Reykjaveg

Greinargerð: Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að skilgreind er lóð fyrir Ævintýraborg, tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar. Gerð verður önnur deiliskipulagsbreyting þegar þessu hlutverki lóðar er lokið.

Afmörkun lóðar: Lóðin er 6.483 m² að flatarmáli skilgreind sem allt bílastæðið sunnan syðri aðkomuvegar að bílastæðum milli Reykjavegar og Laugardalsvallar. Skilin er eftir 6 metra breið ræma milli trjábeltis við Reykjaveg og leikskólalóðarinnar vegna hugmynda um tvístefnuhjólastig sem tengir saman stofnleiðir hjólreiða við Suðurlandsbraut og Sundlaugaveg. Í skýrslunni "Laugardalur, skipulagshugmyndir 2022" er fjallað um að bílastæðin við Reykjaveg í heild sinni voru upphaflega hugsuð fyrir stórvíðburði á

Laugardalsvelli. Reyndin er hins vegar sú að þegar stórvíðburðir eru í Laugardal þá er þessum stæðum lokað til að koma í veg fyrir umferðaröngþveiti í nærumhverfinu. Í skýrslunni er tillaga um framtíðarsýn um bíllausan Laugardal sem myndi gerast í áföngum. Einn af fyrstu áföngum gæti verið að leggja þennan hluta bílastæðanna af og t.d. breyta þeim í almenningsrými. Tímabundinn leikskóli á þessu svæði fellur því að þeim hugmyndum.

Staðhættir: Lóðin er afmörkuð með trjábeltum á allar hliðar og því í skjólgóðu og vistlegu rými. Bílastæði eru öll malbikuð og brotin upp með stökum trjá- og runnabeðum. Talsverður landhalli er niður í móti frá suðvestri til norðausturs.

Aðkoma og bílastæði: Aðkoma er um núverandi syðri aðkomuveg að bílastæðum við Laugardalsvöll. Fyrirkomulag bílastæða er frjálst en gera skal ráð fyrir a.m.k. 20 stæðum og þar af 2

stæðum fyrir hreyfihamlaða í góðum tengslum við innganga. Hjólandi og gangandi eiga greiðar leiðir að lóðinni um núverandi, aðliggjandi stíga og svæði sem tekið er frá fyrir hjólastig.

Byggingarreitur: Byggingarreitur á lóðinni er mjög rúmur eða 5392 m² á 6483 m² lóð. Innan hans er heimilt að reisa úr einum allt að 1000 m² leikskóla. Staðsetning byggingar og stefna innan byggingarreiðs er frjáls. Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingu að hámarki 4 m hárrí.

Lóðarfrankvæmdir: Heimilt er að rífa upp malbik af bílastæðum ef það þykir henta vegna frankvæmdanna. Einnig er mögulegt að setja burðarlagsefni í púða á hluta lóðarinnar til að rétt af flöt undir bygginguna og leiksvæði. Gert er ráð fyrir að leiksvæðin verði afmörkuð með hefðbundinni leikskólagirðingu.

LAUGARDALUR - ÆVINTÝRABORG DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA SKIPULAGSUPPRÁTTUR

KVARDI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	101
DAGS:	21.06.2023	HANNAÐ:	ph
FLOKKUR:	000-reyk-laugd_A	TEIKNAD:	ph/er
SKRÁ:	23126-pl.dwg	VERKNR:	23126

